

Skólaráð

2. fundur, 30. október 2020

Mættir: Sigrún Bjarnadóttir, Sigrún Erla Ólafsdóttir, Bergrún Grímsdóttir, Margrét Ludwig, Svanhildur Ástþórsdóttir, Elísabet Stefánsdóttir, Ágústa M. Jónsdóttir, Júlíus Þór Sigurjónsson, Ingibert Snær Erlingsson, Hrafnhildur Einarsdóttir, Einar Birgir Steinþórsson kemur inn sem ritari í stað SEÓ.

1. Mat á skólastarfi.

- a. Sigrún Erla og Sigrún B fara yfir stöðuskýrslu (glærुकynningu) um *Mat á skólastarfi* fyrir síðasta ár. Matsáætlun er alltaf til þriggja ára því það tekur þrjú ár að fá alla matsþætti inn. Núverandi áætlun er sett til ársins 2022. Heildstæð matsskýrsla kemur út á þriggja ára fresti. Síðast kom skýrsla 2019.
- b. Umbótaáætlun er uppfærð árlega á grundvelli stöðumats eftir hvert ár.
- c. Glærुकynninguna má sjá [hér](#).
- d. Litlar umræður um niðurstöðuna. Fram kom að starfsmannakönnun skólapúlsins s.l. ár var framkvæmd í mars þegar covid-lokunin var. Almennt vonast til að staðan í samfélaginu batni svo unnt verði að bjóða foreldrum meira inn í skólann á kynningar ofl. ekki síst foreldra í 1.bekk

2. Lesfimi.

- a. Sigrún B fer yfir niðurstöður síðustu tveggja ára og ber saman. Mikil framför í einstaka árgöngum sérstaklega þar sem vitað var að kennarar voru með sérstakt átak s.s. núverandi 7.bekk.
Niðurstöðurnar sýna hvaða árangri er hægt að ná ef allir leggjast á eitt, kennarar, nemendur og foreldra. Heimalestur er gríðarlega mikilvægur.

3. Önnur mál.

- a. Sigrún B. Stjórnendur hafa tekið ákvörðun um að fresta þemadögum sem áttu að vera núna í byrjun nóvember. Þar var fyrirhuguð nokkur blöndun milli hópa og í list- og verkgreinastofum. Stefnt á þemadaga í febrúar.
- b. Sigrún B. Beiðni frá hópi nemenda skólans, aðallega á miðstiginu, um aðstöðu fyrir hlaupabretti á lóð skólans. Nefndarmönnum leist vel á þetta.
- c. Ingibert bendir á að það vanti lýsingu á körfuboltavöllin í Hjalla. S.B. lætur skoða.
- d. Vanta að klára lýsingu á nýju skólalóðinni í Digranesi. SB segir að perur séu komnar í hús og þarf að ganga í að klára lýsinguna.

Fundi slitið kl. 9:30